

Stjórnarfundur foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi haldinn 14. september kl. 17:00

Mættir voru: Lára Björg, Svava, Una Særún, Ragnheiður, Nadine, Hrefna, Kristín, Dominika, Arna, Mæja, og Berglind. Laufey boðaði forföll.

Berglind setti fund og sagði frá því að hún væri í þeirri stöðu að vera beggja megin við borðið. Bæði skólastjóri og fulltrúi fyrir nemanda í 9. bekk. Hún mun hins vegar ekki mæta á fundi í vetur heldur mun Sigurður sjá um það.

Síðan kallaði hún eftir fulltrúa í skólaráð. Nadine bauð sig fram í það hlutverk.

Þá var skipað í stöður stjórnarinnar. Lára Björg bauð sig áfram fram í gjaldkerann og Laufey hafði borðið sig áfram í ritarann.

Berglind tók að sér að tala við Hauk og Ellu um formanninn sem hún og gerði og er Haukur tilbúinn í embættið.

Að lokum las Ragnheiður upp reglur félagsins og ákveðið að hafa fundi mánaðarlega fjórða mánudag í mánuði kl. 20:30. Næsti fundur verður 24. október .

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00